

PENNAGREIN

Sigurður Jónsson frá Hliðsnesi - örlagavaldur á Akranesi

Sigurður Jónsson, járnsmiður og kaupmaður, var fæddur á Hliðsnesi á Álftanesi syðra, 27. október 1843. Hann lést 27. maí 1935. Sigurður var stundum nefndur klénsmiður, en það orð mun komið úr þýsku –kleinschmied- sem merkir finsmiður á járn, gat t.d. verið lásasmiður en Sigurður var annálaður smiður, einkum á járn. Hann bjó á Akranesi 1888-1892, en þá flutti hann aftur til Reykjavíkur. Árið 1889, þegar hann bjó á Akranesi, kaupir hann það sögufræga Hoffmannshús, þá 45 ára gamall. Kona hans var Guðrún Jónsdóttir, einnig 45 ára. Hjú þeim voru þá þessi börn þeirra: Ingólfur 15 ára, Sigurður 12 ára og Guðrún 6 ára.

Kaupmaður og frumkvöðull í Hoffmannshúsi

Sigurður járnsmiður var mikill myndar- og dugnaðarmaður og framkvæmdasamur. Hann fékkst hér dálítið við verslun, einnig járnsmíði, og hann var fyrsti maður sem setti á fót bakarí á Akranesi og byggði í því skyni sérstakt hús, rétt fyrir vestan Hoffmannshúsið. Hann lagði talar milli bakarís og búðar til að auðvelda samskiptin. Sigurður gróf brunn í kjallara íveruhússins og lagði brunnrör úr honum upp í eldhús og dældi vatninu upp. Er það fyrsta vatnsleiðsla og dæla sem sett var upp hér á Akranesi. Hann lagði einnig skólprór út úr húsinu, sem var nýjung í þorpinu.

Hann réði til sín útlærðan bakara úr Reykjavík til þess að kenna Ingólfi syni sínum, sem hann mun hafa sérstaklega ætlað að reka brauðgerðarhúsið. Af ástæðum sem ekki eru kunnar seldi Sigurður Hoffmannshúsið 1891, og flutti aftur til Reykjavíkur árið 1892. Sagt var að Sigurður hafi verslað töluvert og borist allmikilíða. Hann var vikingur að hverju sem hann gekk, en ekki alltaf einhamur og þótti sumum erfitt að þola skap hans.


Í nokkrum heimildum kemur fram að Sigurður hafi keypt bakarí af Benedikt St. Bjarnasyni, fæddum á Ísafirði 1859, en látum 1918. Benedikt var í Hoffmannshúsi 1893-94, og er þá bakarí, líklega fyrsti bakarinn sem sest að á Akranesi. Benedikt átti son, Júlíus, sem fæddur var í Georgshúsi á Akranesi 4. júlí 1894, en hann dó 2. nóvember 1962. Júlíus var kvæntur Sigríði Sigríksdóttur, Eiríkssonar frá Krossi; hann var sjómaður í Ívarshúsum 1930-40, síðan í Reykjavík. Sonur þeirra var Benedikt B. Júlíusson, sem margir eldri Skagamenn kannast við, f. 1929, og átti heima á Akranesi til 1958, síðast á Vesturgötu 67, að hann flutti til Reykjavíkur. Hann var húsa-smíðameistari.

Yfirmsiður fyrsta vitans á Akranesi

En aftur að Sigurði frá Hliðsnesi. Í fundargerð Æfingafélagsins á Akranesi frá 26. des. 1889 kemur m.a. fram að „fundarmenn hafi látið í ljósi þá ósk sína að fundarmaðurinn frá Hoffmannshúsi, Sigurður kaupmaður Jónsson gjöri áætlun um kostnað við byggingu fyrsta vitans á Akranesi, og taki verkið jafnframt að sér“. Hér var sem sagt um að ræða fyrsta vísið að vita á Akranesi, svokölluðum vörðuvita eða fiskimannavita sem reistur var á Teigakotslóð og kveikt var á árið 1891. Hér sést að Akurnesingar hafa treyst Sigurði manna best til að smíða og reisa þetta mannvirki.

Forgöngumaður að Vélsmiðjunni Héðni

Eftir að Sigurður flytur til Reykja-



Feðgar og uppfíningamenn á ferð: Sigurður Jónsson frá Hliðsnesi og sonur hans Oddur Vigfús Sigurðsson, hugvitsmaður í Lundúnum. Oddur er sá sem seldi Einari Benediktssyni vatnsréttindin (Dettifoss, Goðafoss m.m.).

víkur árið 1892, þá eignast hann húsið Aðalstræti 6, Jónassenshús, og lét hann byggja hæð ofan á það. Einnig reisti hann járnsmiðju á baklóð þess árið 1896 og aðra árið 1903, og var hann skráður eigandi að Aðalstræti 6A og 6C árið 1910. Árið 1901 eignaðist Bjarnhéðinn Jónsson, járnsmiður bakhúsið Aðalstræti 6B, sem Sigurður hafði reist, og var skráður þar til heimilis árið 1910 og hafði þar vélsmiðju, sem var upphaf að Vélsmiðjunni Héðni. Bjarnhéðinn stundaði nám hjá Sigurði Jónssyni og fékk sveinsbréf í járnsmíði árið 1899. Árið 1900 keypti hann smiðjuna af Sigurði og rak hana til æviloka í Aðalstræti 6B, þar sem hann bjó einnig. Eftir lát Bjarnhéðins, 31. des. 1920, keyptu Markús Ívarsson og Bjarni Þorsteinsson smiðjuna af ekkjunni og nefndu hana Vélsmiðjuna Héðinn til minningar um Bjarnhéðinn, en hann lést í Reykjavík í árslok 1920. Traustir hornsteinar hvíldu þannig undir stofnun „Héðins“ í elsta iðnaðarhverfi landsins, þar sem Skúli fógæti Magnússon staðsetti „Innréttingar“ sínar 170 árum áður. Árið 1951 var húsið í Aðalstræti 6A flutt í Efstasund 99, en talið er að það hafi verið byggt 1825. Á þessu svæði, við Aðalstræti, var síðar reist háhýsi það sem gengið hefur undir nafninu „Morgunblaðshöllin“.

Fremstur í járnsmíði á Íslandi á sinni tíð

Sigurður Jónsson vann um skeið í verksmiðjum Burmeister & Wain í Kaupmannahöfn, en eftir að hann flutti í Aðalstræti 6, bjó hann vélsmiðju sína þeim bestu tækjum sem þekkt höfðu hér á landi. Hann var mjög þjóðhagur og vafalaust sá fremsti í sinni iðngrein hér á landi. Lagði hann einkum stund á finni járnsmíði, viðgerðir á vélum o.fl. Einnig fékkst hann við stærri verkefni, t.d.

í Árbæjarsafn, en horfið var frá því; var húsið flutt út á Granda þar sem það var endurgert á vegum minjavernndar Reykjavíkurborgar. Helst er hugað að því að flytja þetta sögufræga hús, sem Sigurður á Hliðsnesi reisti, upp í Grjótaþorp, þar sem það fær að njóta sín innan um önnur gömul og sögufræg hús.

Vélsmiðjan Héðinn hf.

Vélsmiðjan Héðinn hóf starfsemi sína í núverandi mynd fyrir u.þ.b. 90 árum, þ.e. 1. nóvember 1922. Eins og áður sagði var hún stofnuð af þeim Bjarna Þorsteinssyni vélfræðingi og Markúsi Ívarssyni vélstjóra, en leiðir þeirra félaga höfðu legið saman í vélsmiðjunni Hamri. Og eins og áður sagði þá keyptu þeir smiðju þá sem Bjarnhéðinn Jónsson hafði starfrækt í Aðalstræti 6B frá því um aldamótin. Gáfu þeir hinu nýja félagi nafnið Héðinn til virðingar þessum ágæta iðnaðarmanni. Bjarnhéðinn hafði keypt smiðjuna af læriföður sínum, Sigurði Jónssyni frá Hliðsnesi, en hann fékk leyfi til að reisa smiðju á lóðinni nr. 6 við Aðalstræti árið 1895. Umsvið vélsmiðjunnar Héðins urðu mjög umfangsmikil næstu árin og áratugin, og of langt upp að telja hér. Árið 1937 sá Héðinn um að reisa þrjár síldarverksmiðjur, m.a. verksmiðjuna á Akranesi. Verksmiðjan á Akranesi var endurbýggð árið 1948 og sama ár var síldar- og fiskimjölverksmiðjan að Kletti við Reykjavík byggð. Báðar voru verksmiðjur þessar útbúnar með síldarpressum og öðrum tækjum frá Héðni. Fyrsta íslenska frystivélun var

hönnuð og smíðuð af vélsmiðjunni Héðni hf. upp úr 1950 og var hún sett upp í frystihúsinu Heimaskaga hf. á Akranesi árið 1954. Í dag er Héðinn hf. eitt stærsta fyrirtæki landsins í málmiðnaði og véltækni með 120 starfsmenn. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Hafnarfirði, en einnig rekur Héðinn þjónustuverkstæði á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit.

Sonur byggðarinnar

Þótt Sigurður Jónsson frá Hliðsnesi hafi hvorki geta talist Akurnesingur né að hann hafi búið hér lengi, aðeins í fjögur ár, þá skilur hann eftir sig djúp og áhrifamikil spor í sögu byggðarinnar. Hann stjórnaði af festu smíði og uppsetningu fyrsta vitans á Akranesi, en vitarnir átta eftir að reynast sæfarendum góð leiðsögutækni, og vísuðu þeim rétta leið og heila í höfn. Þá keypti Sigurður það merka hús, Hoffmannshúsið, byggði fyrsta bakaríð á Akranesi, og í framhaldi af því útbjó hann húseignir sínar með nýjum og áður óþekktum útbúnaði, en það voru nýngar sem áttu eftir að ryðja sér til rúms á næstu árum. Þá kemur í ljós að Sigurður hefur á landsvísu haft ómæld áhrif í verklegum framkvæmdum, sem leiddu til mikilla framfara fyrir land og þjóð.

Ásmundur Ólafsson tók saman.

Heimildir: Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness og blaðið Akranes 1952, Mbl.-gagnasafn, Þorsteinn Jónsson, Reykvikingar 2011, Borgfirzkar æviskrár o.fl.



Fræg hús á Akranesi: Bakaríð sem Sigurður reisti 1889-90 til vinstri. Talrörið liggur milli þess og Hoffmannshússins til hægri. Auk þess sést í „Læknishúsið“ sem var byggt 1896 af Guðmundi Jakobssyni, kirkjusmið fyrir Ólaf Finsen, héraðslæknir. Til hægri við það er „Georgshús“ (Vertshúsið), byggt 1883 af Georg Thorsteinssyni, sem drukknaði í Hoffmannsveðrinu 1884. Georgshús var lengi stærsta hús á Akranesi. Þau urðu örlög húsanna að Hoffmannshúsið brann til kaldra kola 15. apríl 1946. Georgshús var flutt að gatnamótum Vesturgötu og Vallholts í kringum 1960; það var rífið 1970 og voru víðir úr því notaðir í útihúsabyggingar á bænum Gröf á Hvalfjarðarströnd. Læknishúsið stendur enn og er nr. 40 við Vesturgötu. Myndin er tekin úr kartöflugarðinum fyrir neðan Halldórshús, þar sem nú eru bílastæði við Bíóhöllina. Ljós. af www.haraldarhús.is Myndasmiður Ópekkur.



Götulífsmynd frá Aðalstræti í Reykjavík frá 1901. Myndin er tekin til suðurs. Á horni Aðalstrætis og Austurstrætis til vinstri er verið að leggja lokahönd á mikla stækkun Hótel Íslands (vinnupallar). Við enda götunnar er Klúbbhúsið og Spítalinn. Næst til hægri er Aðalstræti 2, þá Duusport og svo tvílyft hús Sigurðar Jónssonar, járnsmíðs, Aðalstræti 6 (Árið 1951 var húsið í Aðalstræti 6A flutt í Efstasund 99). Á þessu svæði var Morgunblaðshöllin reist síðar.